

Mál nr. 236/2006
M og
Vátryggingafélag 1 v A og
Vátryggingafélag 2 v. B

Árekstur bifreiða í Þönglabakka í Reykjavík þ. 18.8.2006

Gögn.

1. Málskot móttakið þ. 14.11.2006.
2. Niðurstaða tjónanefndar nr. 758/06
3. Lögregluskýrsla dags. 18.8.2006 ásamt ljósmyndum
4. Bréf viðkomandi vátryggingafélaga dags. 30.11. og 4.12.2006.

Málsatvik.

Báðum bifreiðunum var ekið suður Þönglabakka að Stekkjarbakka og var B á undan A. Ökumenn stöðvuðu í röð bifreiða við gatnamótin. Árekstur varð með bifreiðunum þannig að framendi A lenti á afturenda B. Ökumaður A segist hafa stöðvað fyrir aftan B í röð bifreiða og hafi röðin síðan mjakast áfram og skyndilega hafi B farið að renna aftur á bak og hafi hann þá flautað en það ekki dugað til að koma í veg fyrir árekstur. Ökumaður B segist hafa verið í röð bifreiða sem hafi mjakast áfram og skyndilega hafi komið högg aftan á B. Ökumaður B segist aldrei hafa orðið var við að B rynni afturábak og hann hafi ekki heyrt ökumann A flauta.

Álit.

Ökumaður A gætti þess ekki að hafa nægjanlegt bil á milli bifreiðanna og ekki liggur fyrir miðað við gögn málsins og neitun ökumanns B að B hafi runnið afturábak í umrætt sinn. A ber því alla sök.

Niðurstaða.

A ber alla sök

Reykjavík. 15.12.2006.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.